

Jóladagskrá menningarstofnana 2023

Birt með fyrirvara um breytingar

Aðventugarður og Aðventusvell

Aðventugarðurinn okkar fallegi verður opinn allar helgar í desember og á Þorláksmessu. Þar getum við átt saman skemmtilegar stundir og gert góð kaup í jólakofum. Skemmtilegar uppákomur verða í garðinum og verður dagskráin birt á visitreykjanesbaer.is og á samfélagsmiðlum. Aðventusvellið verður opið föstudaga til sunnudaga og eftir samkomulagi. Upplýsingar um svellið er að finna á adventusvellid.is

Jólahús Reykjanesbæjar

Á aðventunni geta bæjarbúar tekið þátt í skemmtilegum leik í samstarfi við Húsasmiðjuna og tilnefnt þau hús sem þeim þykja skemmtilega jólaleg. Fylgist með á visitreykjanesbaer.is og á öðrum miðlum Reykjanesbæjar.

Umhverfisvæn innpökkunarstöð í Bókasafni Reykjanesbæjar í desember

Öllum er velkomið að nýta innpökkunarstöðina til til að pakka inn gjöfum fyrir jólin. Við hvetjum ykkur til að huga að umhverfisvænum aðferðum við innpökkunina með því að endurnýta gömul dagblöð, fjölþóst og bækur sem gjafapappír. Allt efni á staðnum.

22. nóvember kl. 18:00. Jólakransagerð í Bókasafninu

Jólakransagerð verður haldin á Bókasafninu í samstarfi við Garðyrkjufélag Suðurnesja þann 22. nóvember frá 18-20.

23. nóvember – 31. desember Jól í Ólátagarði í Áttthagastofu Bókasafns Reykjanesbæjar

Þar má finna jólahús, jólatré og pakka og flottar skreytingar úr sögunni um Jól í Ólátagarði eftir Astrid Lindgren. Sýningin er opin á opnunartíma safnsins. Sjón er sögu ríkari!

23. nóvember kl. 20:00. Bókakonfekt Bókasafns Reykjanesbæjar

Á Bókakonfekt Bókasafnsins í ár koma rithöfundarnir Nanna Rögnvaldsdóttir, Sverrir Norland og Elín Hirst og lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum. Einnig verður boðið upp á tónlistaratriði með Kósýbandinu. Viðburðurinn er styrktur af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.

25. nóvember kl. 11:30. Bókakonfekt barnanna í Bókasafni Reykjanesbæjar

Bjarni Fritzson höfundur Salka; hrekkjavakan og Bergrún Íris Sævarsdóttir höfundur VeikindaDagur lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum. Regnbogaraddir, barnakór Keflavíkurkirkju flytja nokkur lög. Viðburðurinn er styrktur af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.

25. nóvember kl. 13:00. Jólaföndur fjölskyldunnar í Bókasafni Reykjanesbæjar

Gillan Pokalo myndlistarkona hefur umsjón með jólastundinni. Föndrað verður í anda barnanna í Ólátagarði eftir Astrid Lindgren. Viðburðurinn er ókeypis og allt efni verður á staðnum.

25. nóvember kl. 15:30. Women of the World. Christmas Fun with Gillian at the Libraru

Jólagleði Heimskvenna með Gillian Pokalo. Unnið verður skemmtilegt jólaföndur ásamt því að gæða sér á á kakói og jólakökum.

Women of the world are going to meet at the library November 25th at 3:30 pm and do some fun Christmas crafts with our artist friend Gillian Pokalo whilst having hot chocolate and cookies.

Föstudagur 1. desember kl. 17:00: Aðventuganga og tendrun ljósanna á jólatré Aðventugarðsins

Aðventuganga verður haldin föstudaginn 1. desember á milli kl 17-18 og er mæting við jólatréð í Aðventugarðinum. Hópurinn gengur saman í Skessuhellinn þar sem Fjóla tröllastelpa tekur á móti hópnum í jólaskapi en einnig munu jólasveinar og jafnvel Grýla gamla slást með í för í gönguna. Það væri gaman að sem flestir væru með jólasveinahúfu. Að göngunni lokinni er öllum boðið uppá heitt súkkulaði og piparkökur í Aðventugarðinum. Allir hjartanlega velkomnir.

Laugardagurinn 2. desember kl. 20:00: Þarf alltaf að vera grín jólasýning í Hljómahöll

Vinirnir og grínistarnir, Tinna, Tryggvi og Ingó í hlaðvarpinu Þarf alltaf að vera grín? halda í fyrsta skipti JÓLA LIVE SHOW í Hljómahöll - Reykjanesbæ – laugardaginn 2. desember 2023! Þetta verður einstök jólaskemmtun þar sem jólaþríeykið Þarf alltaf að vera grín? mun hringja inn jólin eins og þeim einum er lagið.

Sunnudagur 3. og 10. desember. Hlýleg jólavinnustofa og sögustund með Sylwiu og Höllu Karen í Bíósal Duus safnahúsa

Leik- og brúðugerðarkonan Sylwia Zajkowska tekur vel á móti öllum í hlýlega jólavinnustofu fyrir fjölskyldur. Þar aðstoðar hún börn við að búa til handgert jólatrésskraut m.a. úr íslenskri ull. Halla Karen, sem margir þekkja úr notalegum sögustundum á Bókasafninu og nú síðast sem Bambalínu drottningu sem kann allt ..., les söguna um Sætabrauðsdrenginn kl. 13 og í kjölfarið tekur jólaföndur með Sylwiu við, þar sem m.a. verður hægt að sauma út sætabrauðsdrenginn ásamt ýmsu fleiru. Bíósalurinn verður skreyttur með jólatrjám úr safneign Byggðasafns Reykjanesbæjar. Allir hjartanlega velkomnir og aðgangur er ókeypis.

4. – 18. desember: Þitt nafn bjargar lífi | Aðgerðakort Amnesty International í Bókasafninu

Bréfamaraðon gengur út á það að senda stjórnvöldum, sem brjóta mannréttindi, bréf og þrýsta um leið á umbætur. Einnig eru þolendum mannréttindabrota sendar stuðningskveðjur og þannig minnt á að þeim hefur ekki verið gleymt. Tilbúin bréf til stjórnvalda verða til staðar í Bókasafni Reykjanesbæjar. Bréfamaraðonið stendur til 16. desember og eru allir hvattir til að kíkja við og kynna sér málið.

Fimmtudagurinn 7. desember kl. 18:00 og 21:00: Jólatónleikar Vox Felix í Hljómahöll

Það er komið að hinum árlegu jólatónleikum Vox Felix. Kórinn lofar auðvita miklu jólastuði og stemningu og syngur gömul og góð jólalög í bland við ný, allt undir stjórn Rafns Hlíðkvists.

Föstudagur 8. desember kl.20:00: Þorláksmessutónleikar Bubba í Hljómahöll

Þorláksmessutónleikaröð Bubba Morthens er ein allra langlífasta tónleikahefð í aðdraganda jóla og eru ófáir sem geta ekki hugsað sér aðventuna án þeirra. Tónleikarnir eru merkilegir fyrir þær sakir að þetta verður í 39. sinn sem Bubbi stendur fyrir Þorláksmessutónleikum. Fyrstu tónleikarnir voru haldnir á Hótel Borg árið 1985. Þótt staðsetning tónleikana hafi breyst í gegnum tíðina má alltaf stóla á það að Bubbi mæti með gítarinn og perlar sín þekktustu lög á kvöldsins festi og rýnir í samtímann af sinni einstöku snilld.

Fimmtudagurinn 14. desember kl. 19:00: Ari Eldjárn – Áramótaskop í Hljómahöll

Ari Eldjárn kveður árið 2023 með ógleymanlegri uppistandssýningu sinni Áramótaskop! Ari er einn allra vinsælasti uppistandari þjóðarinnar og hefur auk þess getið sér góðs orðs víða erlendis fyrir

gamansýningar sínar. Þetta er í sjöunda sinn sem þessi geysivinsæla sýning Ara er sett á svið en síðast seldust allar sýningar upp.

Þriðjudagurinn 19. desember kl. 20:00: Eypór Ingi hátíðartónleikar í Hljómahöll

Hátíðartónleikar Eypórs hafa fengið frábærar viðtökur um land allt síðustu ár. Hér er á ferðinni létt og jólaleg kvöldstund þar sem Eypór Ingi kemur fram með húmorinn, píanóið og gítarinn að vopni. Sérstakir gestir verða með Eypóri í Hljómahöll en honum til halds og trausts verður Karlakór Keflavíkur. Hátíðartónleikar Eypórs Inga einkennast af einstakri blöndu hugljúfra tóna, gríni og jafnvel eftirhermum. Það er klárt mál að ADHD hefur aldrei verið skemmtilegra. Síðast seldist upp hratt og færri komust að en vildu.

Laugardagurinn 30. desember kl. 20:00: Valdimar - Áramótatónleikar í Hljómahöll

Loksins, loksins, loksins, loksins er komið aftur að hinum margrómuðu Áramótatónleikum hljómsveitarinnar Valdimar. Þennan árvissa viðburð þekkir Suðurnesjafólk vel og því óþarfi að fara út í smáatriði. Það eina sem þarf að hafa hugfast er að þetta verður ROSALEGT!

Þrettándagleði laugardaginn 6. janúar: Hátíðarsvæði við Hafnargötu 12

Jólin kvödd með þrumandi þrettándagleði. Blysför frá Myllubakkaskóla, gengið að hátíðarsvæði við Hafnargötu í fylgd álfa og púka þar sem Grýla gamla tekur á móti gestum. Brenna og flugeldasýning og heitt kakó og piparkökur til að halda hita á mannskapnum.